

Raðað í ferninginn

Hver reitur er táknaður með bókstöfum og tölum.

- Fylltu inn í töfraferninginn með því að nota tölurnar 1–25 en notaðu hverja tölu aðeins einu sinni.
- Summa í hverri röð, dálki og hornalínunum tveimur á að vera 65. Gott er að byrja á að lesa allar vísbendingarnar og rannsaka hvort þú finnur margs konar upplýsingar um sama reitinn. Skráðu athuganir þínar skipulega.

5					
4					
3					
2					
1					
	a	b	c	d	e

Vísbendingar til lausnar



- Ferningstölur eru í reitum b5, b3, d3, b1 og c1.
- Frumtölur eru í reitum a5, c5, e5, c4, a3, c3, e3, e2 og a1.
- Þríhyrningstölur eru í reitum d5, e4, d3, a1, e1 og c2.
- Teningstölur eru í reitum d3 og b2.
- Tölur sem eru veldi af 2 eru í reitum b5, b2, e2, b1 og d3.
- Spegiltölur eru í reitum a5 og d1.
- Þættir í tölunni 100 eru í reitum b5, d5, c4, b3, d3, a2 og e2.
- Miðgildi allra talnanna 1–25 er í reit c3.
- Oddatölur eru í röð 3 og dálki c.
- Tölur sem eru eins þegar þeim er snúið á hvolf eru í reitum a5, d3 og b2.